



Síldarminjasafn Íslands ses
Snorragata 15, 580 Siglufjörður, kt. 661006-1530
safn@sild.is – www.sild.is – s. 467 1604

Ársskýrsla Síldarminjasafns Íslands ses. 2020

Árið 2020 var að öllu leyti afar frábrugðið fyrri starfsárum Síldarminjasafnsins. Heimsfaraldur kórónaveiru lagðist ansi þungt á rekstur safnsins og drógust tekjur af gestakomum saman um tæplega 73% á árinu. Síldarminjasafnið gat ekki nýtt sér úrræði ríkisins; hvorki lokunarstyrki, hlutabótaleið eða aðra viðspyrnustyrki vegna skilyrða um fulla og ótakmarkaða skattskyldu. Það reyndist því nauðsynlegt að laga reksturinn að breyttum aðstæðum og nýjum forsendum með það að leiðarljósi að lágmarka taprekstur og forðast lánveitingar eða skuldasöfnun. Í því skyni reyndist nauðsynlegt að fækka starfsfólki og ýmist fresta verkefnum eða hreinlega afskrifa þau. Þá ber þess jafnframt að geta að allir fastráðnir starfsmenn samþykktu að ýmist lækka starfshlutfall sitt tímabundið, eða að taka á sig tímabundna launaskerðingu. Þá var í fyrsta sinn kallað til almennings um fjárstuðning og einstaklingum boðið að gerast bakhjarlar safnsins með frjálsu fjárframlagi. Ansi margir lögðu safninu lið og söfnuðust rúmlega 1,7 mkr.

Í upphafi árs 2020 voru sex fastráðnir starfsmenn við safnið í fjórum stöðugildum, en í lok árs voru fastráðnir starfsmenn aðeins þrír, í tveimur og hálfu stöðugildi. Fastráðnir starfsmenn í árslok eru Anita Elefsen, Inga Þórunn Waage og Edda Björk Jónsdóttir. Örygur Kristfinnsson sinnir enn afmörkuðum verkefnum, en nú í sjálfboðastarfi. Ekki reyndist unnt að framlengja starfssamning Sylvíu Bates né viðhalda hlutastarfi Kristínu Berman. Aðeins einn sumarstarfsmaður var ráðinn til að sinna viðhaldi og öðrum tilfallandi verkefnum en þar að auki lagði sveitarfélagið til tvo sumarstarfsmenn sem sinntu gestamóttöku og safngæslu. Í venjulegu árferði eru sumarstarfsmenn á bilinu sex til átta.

Safngestum fækkaði um 55% frá fyrra ári og skýrist fækkunin af heimsfaraldri kórónaveirunnar. Samkomutakmarkanir urðu þess valdandi að safnið var lokað gestum í rúmar sex vikur á vormánuðum og aftur í rúmar átta vikur í árslok. Skipulagðar heimsóknir ferðafólks í hópum þurrkuðust nær út og safngestir hafa ekki verið færri í áratug - eða frá því áður en Héðinsfjarðargöng komu til sögunnar. Tæplega tólf þúsund gestir sóttu safnið heim á árinu og voru erlendir ferðamenn um 27%. Til samanburðar voru gestir ársins á undan tuttugu og sex þúsund talsins og erlendir ferðamenn 72%. Þá heimsóttu tæplega 600 nemendur á öllum skólastigum Síldarminjasafnið í skipulögðum námsheimsóknum og íbúar Fjallabyggðar eru jafnframt tíðir gestir á safninu og voru um 330 á árinu. Skipulagðar leiðsagnir um safnið voru 63 á árinu, samanborið við 355 á árinu áður. Síldarsaltanir á planinu við Róaldsbrakka voru fjórar talsins, samanborið við 49 árið 2019.

Þrátt fyrir óvanalegt ár og færri starfsfólk en áður tókst starfslið safnsins á við fjölbreytt verkefni og sinnti faglegu starfi af miklum móð. Í því sambandi má nefna að lokið var við samvinnuverkefni við Byggðasafnið í Gamvik í Norður Noregi sem staðið hafði yfir frá því í ársbyrjun 2018. Á sjómannadag var opnuð ný útisýning þar sem afrakstri verkefnisins er miðlað. Tíminn var vel nýttur á meðan samkomubann stóð yfir á vordögum og safninu var gert að loka, en þá voru gólfín í Róaldsbrakka og Bátahúsi skúruð upp á gamla mátann og lökkuð í kjölfarið. Stórátak var gert á varðveislulofti

Salthússins. Allt burðarvirki var þrifið vel og olíuborið auk þess sem starfsfólkið hófst handa við að innrétta forvörsluherbergi og setja upp hillurekka í rýminu. Hugað var að safnlóðinni og bryggjurnar á safnsvæðinu voru tjargaðar og síldarkassinn og bjóðin á planinu við Róaldsbrakka voru skröpuð og máluð. Þar að auki var ráðist í mikla tiltekt á timbri, múrsteinum og öðru efni í eigu safnsins sem geymt var utandyra.

Á meðan aðstæður leyfðu var sitthvað um viðburði. Fjórar síldarsaltanir fóru fram á planinu við Róaldsbrakka eins og fram hefur komið, ritsmiðja var haldin fyrir börn og unglunga og boðið upp á krakka-yoga í Róaldsbrakka. Edda Björk og Hörður Ingi, starfsmenn safnsins, tóku upp tónlistarmyndbönd mitt í samkomubanni sem og í aðdraganda jóla og var þeim deilt á samfélagsmiðlum.

Starfsfólk safnsins tók á móti færeyska kúttinum Westward Ho og áhöfn hans í júnílok. Skipulögð var sérstök heimsókn leikskólabarna um borð í skipið og á safnið og í samvinnu við Kiwanisklúbbinn Skjöld var slegið til síldarveislu fyrir áhöfnina í Bátahúsinu.

Lokið var við skráningu grunnsýningarinnar í Gránu á árinu, en allir gripir sýningarinnar, nær 600 talsins voru ljósmyndaðir. Í kjölfarið var hafist handa við skráningu grunnsýningarinnar í Róaldsbrakka og teygðist sú vinna fram á nýtt ár. Gripir í Róaldsbrakka eru ríflega tvö þúsund talsins og eru þeir allir ítarskráðir í aðfangabók og Sarp, mældir og ljósmyndaðir.

Á haustdögum hóf starfsfólk Síldarminjasafnsins að sinna reglubundinni kennslu grunnskólabarna í sveitarfélaginu og stendur sú vinna fram á vor 2021. Nemendur í fimmta bekk sækja fræðslu á safnið alla mánudaga sem og hópur nemenda af elsta stigi, en þar er um valáfanga að ræða. Markvisst eru nemendur kynntir fyrir safnastarfi í sinni fjölbreyttu mynd og tekið er tillit til gildandi aðalnámskrár og markmiða skólafarsins. Nemendur hljóta fræðslu um starfsemi safns; öllu frá varðveislu gripa til skráningar, heimildasöfnunar, rannsókna, miðlunar, leiðsagna og almennrar kynningastarfsemi safnsins. Vetrarstarfið býr börnin undir það stóra og ábyrgðarmikla hlutverk að stjórna safninu í einn dag með það að markmiði að miðla með gestum því sem þau hafa lært á skólaárinu. Með þessu móti eru vonir bundnar við að augu íbúa í nærsamfélaginu opnast enn frekar fyrir þeim faglegu störfum sem fara fram á safninu og á söfnum almennt.

Framkvæmdum við Salthúsið miðaði ágætlega, en sökum tekjufalls safnsins stóðust áætlanir ekki og framkvæmt var minna en ráðgert hafði verið. Varðveislurými á efri hæð hússins var tekið til notkunar á árinu eftir að starfsfólk safnsins hafði þrifið burðarvirkið vel og olíuborið, stillt upp hillubúnaði og komið upp vinnuáðstöðu í forvörsluherbergi. Ekki tókst að hefja flutning safnkosts eins og áætlað var sökum manneklu en ný aðföng sem bærust á árinu hafa jafnóðum verið flutt í Salthúsið. Hlaupaketti var komið fyrir á stálgálga sem gengur út úr forvörsluherberginu og lokið við smíði og uppsetningu á stórum hlerum á kvisti á efra lofti hússins. Þannig má nú flytja gripi upp í varðveislurýmið með því að hífa þá á pallettum upp á efri hæðina með hlaupaketti, sem er til mikilla bóta og auðveldar vinnu við flutning safnkosts um allan helming. Lokið var við hönnun sýningar á efra lofti hússins og smíðað líkan af rýminu. Í kjölfarið var lokið við að leggja allt rafmagn í sýningarrýmið sem og í suðurhluta hússins á neðri hæð. Jafnframt var lokið við að klæða bæði loft og vegg í sýningarrýminu. Mikil vinna var lögð í þrif á rýminu eftir framkvæmdir og er það nú klárt fyrir málningarvinnu. Lokið var við að klæða útveggi á neðri hæð í suðurhluta hússins og megnið af loftinu milli hæða í sama rými, en um fjórðungi þeirrar vinnu er ólokið. Útihurðar í húsið voru sérsníðaðar og þeim komið fyrir. Enn á þó eftir að smíða stórar glerjaðar hurðar og ytri hlera á suðurvegg hússins.

Starfsmenn Fjallabyggðar tengdu heimtaug fyrir skólþ og kalt vatn og starfsmenn Mílu lögðu ljósleiðara svo allar heimtaugar og nauðsynlegar tengingar liggja nú að húsinu og eru virkar. Snjógildrum var komið fyrir á þakbrúnum hússins og vatnsrennum sömuleiðis. Verkinu miðar þannig vel áfram, en langt er í land og miklar framkvæmdir bíða – en uppbygging Salthússins er og verður forgangsverkefni á Síldarminjnsafninu á komandi árum. Húsið stórbætir aðstæður til varðveislu safnkosts og annarra faglegra starfa með bættri aðstöðu fyrir starfsfólk.

Skráning á safnkosti fór fram með skipulegum hætti og lögð var megináhersla á að ljúka við ljósmyndun og ítarskráningu á gripum í grunnsýningu Gránu og ítarskráningu allra aðfanga í grunnsýningunni í Róaldsbrakka samhliða skráningu á nýjum aðföngum. Líklega hefur aldrei fyrr verið lögð eins mikil vinna í skráningarvinnu og á þessu ári. Nýskráningar voru fimmfalt fleiri en árið áður og færslum í Sarpi fjölgaði um 42%. Tölusettar voru 266 nýskráningar í aðfangabók, sem innihalda alls um 808 gripi – þar af er stór hluti eldri safnkosts sem ekki hafði verið skráður. Í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn, voru skráðar 823 færslur, sem hver inniheldur eitt eða fleiri aðföng. Sem fyrr var skráningu ljósmynda sinnt skipulega og eru vikulegar myndasýningar á Skálarhlíð, dvalarheimili aldraðra, þar lykilatriði. Greindar voru um 1.800 ljósmyndir á árinu með hjálp eldri borgara – en ansi margar sýningar féllu niður bæði á vor- og haustmánuðum meðan samkomutakmarkanir stóðu yfir.

Þrátt fyrir að árið hafi verið verulega krefjandi að flestu leyti var það jafnframt afar lærdómsríkt. Segja má að vel hafi tekist til við að aðlaga reksturinn að breyttum aðstæðum og miklu tekjutapi, en velta ársins nam 63 mkr. og var tuttugu milljón krónum lægri en árið áður. Rekstrarniðurstaða ársins 2020 var jákvæð um 3 mkr. sem skýrist af óvæntum 2 mkr. fjárstuðningi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu í árslok, sem og uppgjöri frá Byggðasafninu Gamvik vegna samstarfsverkefnis sem jafnframt nam 2 mkr., en þess uppgjörs hafði verið beðið frá því snemma á árinu 2019.

Siglufirði, 12. apríl 2020



Anita Elefsen, safnstjóri